

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. mars 2023 í máli nr. 87/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 7. október 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á staðfestingargjaldi sem innt var af hendi til varnaraðila vegna kaupa á siglingaferð á vegum varnaraðila.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 11. október 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með ábyrgðarbréfi þann 8. nóvember 2022, sem mótttekið var f.h. varnaraðila þann 14. nóvember 2022. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á greiðslu sóknaraðila til varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila og skilmálar varnaraðila.

Með bréfi, dags. 28. mars 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili bókaði 10 daga siglingaferð frá Íslandi til Grænlands á vegum varnaraðila fyrir sig og samferðarfólk hans. Var ferðin fyrirhuguð dagana 20. til 30. ágúst 2022. Sóknaraðili greiddi varnaraðila staðfestingargjald vegna ferðarinnar að fjárhæð 7.000 evrur þann 18. janúar 2022. Af framlögðum gögnum má ráða að aðilar voru í tíðum samskiptum í gegnum forritið Messenger frá október 2021 fram í janúar 2022. Sóknaraðili reyndi síðan ítrekað að hafa samband við varnaraðila vegna ferðarinnar í aðdraganda hennar sumarið 2022 án árangurs. Með tölvupósti þann 6. ágúst 2022 upplýsti varnaraðili sóknaraðila að tekin hafi verið sú ákvörðun að aflýsa ferðinni sökum Covid-19 heimsfaraldursins. Varnaraðili bauð sóknaraðila endurgreiðslu staðfestingargjalds eða að færa dagsetningar til á hinni keyptu ferð. Sóknaraðili óskaði eftir endurgreiðslu staðfestingargjalds með tölvupósti 9. ágúst 2022. Í þeim tölvupósti óskaði sóknaraðili jafnframt eftir frekari skýringum á þessari ákvörðun varnaraðila og benti í því sambandi á að hvorki á Íslandi né Grænlandi væru í gildi ferðatakmarkanir vegna Covid-19. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili ekki veitt frekari rökstuðning fyrir ákvörðun sinni. Þá kveðst sóknaraðili hafa ítrekað reynt að ná sambandi við varnaraðila í kjölfarið án árangurs. Endurgreiðsla hefur enn ekki borist frá varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér staðfestingargjaldið í samræmi við samkomulag aðila.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili bókaði 10 daga siglingaferð á vegum varnaraðila frá Íslandi til Grænlands sem fyrirhuguð var á tímabilinu 20. til 30. ágúst 2022. Greiddi sóknaraðili varnaraðila staðfestingargjald vegna ferðarinnar að fjárhæð 7.000 evrur þann 18. janúar 2022. Varnaraðili aflýsti siglingaferðinni með tölvupósti þann 6. ágúst 2022 og bar fyrir sig ferðatakmarkanir vegna Covid-19 heimsfaraldurins. Bauð varnaraðili sóknaraðila upp á endurgreiðslu staðfestingargjalds eða tilfærslu á ferðinni fram til september 2022 eða ársins 2023. Þann 9. ágúst 2022 óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu staðfestingargjalds. Að sögn sóknaraðila hefur sú endurgreiðsla enn ekki borist frá varnaraðila.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í málinu liggur fyrir að varnaraðili hætti sjálfur við hina keyptu ferð og bauðst til að endurgreiða sóknaraðila hið greidda staðfestingargjald. Hefur varnaraðili ekki staðið við það boð sitt. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila.

V Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 7.000 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson